

Alþingi
Erindi nr. P 123/936
komudagur 8.2.99

Breytingartillaga við frv. um breytingu á skaðabótalögum

Úið 13. gr.

Við 1. mgr. 26. greinar laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Við mat á miskabótum vegna kynferðisofbeldis, skal sérstaklega taka tillit til eðli verknaðarins, hversu lengi misnotkunin varði, hvort verknaðurinn var misnotkun á skyldleikasambandi eða umönnunarsambandi, hvort brotþoli var háður geranda á einhvern hátt, eða hvort um misnotkun á trúnaðarsambandi var að ræða, og hvort verknaðurinn var framinn á sérlega sársaukafullan eða ærumeiðandi hátt.

Rökstuðningur:

Í skýrslu umboðsmanns barna „Heggur sá er hlífa skyldi“ um kynferðisafbrot gegn börnum og ungmennum frá 1997, koma fram vel rökstuddar tillögur um lagabreytingar varðandi meðhöndlun kynferðisafbrotamála. Ein tillagan er sú að breyta þurfi skaðabótalögum í þá veru að lögin kveði á um hvaða atriði skuli höfð að leiðarljósi við ákvörðun bótafjárhæðar til barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.

Í 26. grein skaðabótalaganna er ekki tilgreint hvaða atriði skuli lögð til grundvallar við ákvörðun skaðabóta. Það hefur því verið háð persónulegu mati dómara hvaða atriði skuli hafa áhrif á upphæð bótafjárhæðar, án þess að þeir hafi haft lagaákvæði að styðjast við.

Í rökstuðningi umboðsmanns er m.a. vitnað í hæstaréttardóm nr. 83/1996. Í því máli var kveðinn upp dómur yfir manni sem misnotaði dóttur sína í nokkur ár. Héraðsdómur hafði dæmt barninu 2 milljónir króna í miskabætur, en Hæstiréttur lækkaði bæturnar í eina milljón og rökstuðningurinn var m.a. eftirfarandi: "Við ákvörðun skaðabóta úr hendi ákærða ber að taka tillit til skyldleika aðilanna ásamt því, að hann mun eftir sem áður bera framfærsluskyldur gagnvart dóttur sinni.....Brot ákærða voru alvarleg og til þess fallin að valda mikilli röskun á tilfinningalífi og högum telpunnar, sem vandi er úr að bæta.....Hins vegar liggur ekki fyrir að svo komnu, í hvaða mæli þær kunni að verða varanlegar fyrir telpuna eða hvort ráða megi bót á þeim." Í þessu tilfelli hafa dómara látið það virka til lækkunar bóta að um skyldleika aðila var að ræða og að ákærði var framfærsluskyldur gagnvart dóttur sinni. Slíkt mat er í algjörrri mótsögn við það sem vitað er um skaðsemi kynferðisofbeldis fyrir börn.

Í frv. um breytingu á skaðabótalögum er í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins gerð grein fyrir því hvað hafa beri í huga við mat á miskabótum. Slíkt er til bóta, en mun tryggara er að setja þau atriði inn í sjálfan lagatextann.

Umboðsmaður barna hefur látið bera saman lagatexta hinna Norðurlandanna og mælir með lagabreytingu í stíl við norsku skaðabótalögin. Breytingatillagan sem hér er lögð fram er samhljóða norska textanum. Þau atriði sem áhrif skulu hafa á miskabætur eru í samræmi við niðurstöður rannsókna á áhrifum kynferðisofbeldis á börn.

Í norski opinberri skýrslu; „Seksuelle overgrep mot barn- straff og erstatning“, (NOU1991:13) er í viðauka greint frá úttekt sálfræðingsins Anne Poulsson á sálrænum og félagslegum afleiðingum kynferðisofbeldis gegn börnum. Poulsson lýsir því hvaða þættir við kynferðislegt ofbeldi hafi þýðingu fyrir umfang og alvarleika skaða á börnum. Hún kemst að

Þeirri niðurstöðu að erfitt sé að meta skaðsemi kynferðisofbeldis í smáatriðum og á nákvæman hátt. Hvert tilfalli er einstakt. Rannsóknir eru líka tiltölulega nýhafnar á fyrirbrigðinu og ber ekki alltaf saman. Það er því bæði eðli verknaðanna og rannsóknaraðstæður sem gera það erfitt að draga miklar ályktanir um einstök atriði.

Þó má segja að mesti skaðinn verði þegar um gróft ofbeldi er að ræða, munnmök, anal eða vaginal kynmök. Einnig eru greinileg tengsl á milli skaða og þess hversu náið sambandið er á milli barnsins og ofbeldismanns. Þannig verður skaðinn því meiri sem tengslin eru nánari. Aðrir þættir sem skipta máli eru hversu gróft ofbeldi um er að ræða og að ofbeldismenn séu fleiri en einn. Gróft ofbeldi gagnvart mjög ungum börnum virðist vera mjög skaðlegt.

Til þess að hindra að hæstaréttardómur nr. 83/1996 hafi fordæmisgildi og til þess að tryggja að lögin endurspegli þá þekkingu sem fyrir hendi er um afleiðingar kynferðisofbeldis fyrir börn, er nauðsynlegt að sjálfur lagatextinn kveði skýrt á um hvaða atriði skuli hafa áhrif við ákvörðun bóta.